

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Alþingi
Nefndasvið / fjárlaganefnd
b.t. Willums Þórs Þórssonar, formanns
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. mars 2018

Málsnúmer: 2018020098

Skjalalykill: 15.3.4

Málefni: Frumvarp um markaðar tekjur – Meðferð tekna PFS standist EES-rétt

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur verið gefinn kostur á því að skila umsögn um frumvarp til breytinga á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, sbr. þingskjal nr. 241 – 167 mál. Í frumvarpinu er að finna á ákvæði til breytinga á lagaákvæðum sem varða tekjur sem fjármagna eiga starfsemi PFS.

Sértækt stjórnarsýslueftirlit á fjarskipta- og póstmörkuðum hefur einkum falist í því að tryggja virka samkeppni, á þeim sviðum sem hún hefur verið gefin frjáls, stuðla að aðgengi notenda að fjarskipta- og pósthjónustu og tryggja gæði og öryggi hennar eftir því sem kostur er. Við innleiðingu löggjafar í þessum málaflokkum, í kringum síðustu aldamót, var það ákvörðun löggjafans að eðlilegt væri að eftirlitsskyldir aðilar á þessum mörkuðum skyldu standa straum af því opinbera eftirliti sem af löggjöfinni leiddi.

Þannig var PFS búið samskonar starfsumhverfi hvað varðar fjármögnun stjórnarsýslueftirlitsins eins og á við í tilviki Fjármálaeftirlitsins.

Í tilviki gjalda sem lögð eru á fjarskiptafyrirtæki af þessum ástæðum gilda þó sérstök ákvæði í evrópsku fjarskiptaregluverki sem setja fjármögnun eftirlitsins ákveðnar skorður sem íslensk stjórnvöld eru bundin af. Í 12. gr. heimildartilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2002/20/EB er gert ráð fyrir því að árlega sé tekin saman skýrsla um tekjur og gjöld og mælt fyrir um að leitast skuli við að að koma á jafnvægi milli þeirra. Enn fremur eru í ákvæðinu talin upp þau eftirlitsverkefni sem heimilt er að fjármagna með umræddum gjöldum á fjarskiptafyrirtæki. Af því leiðir að óheimilt er að fjármagna önnur verkefni á vegum hins opinbera með gjöldunum eða láta þau renna með óskilgreindum hætti inn í ríkissjóð. Sömu sjónarmið eiga við varðandi tíðni- og númeragjöld sem fjallað er um í 13. gr. tilskipunarinnar. PFS fær því ekki séð að úrfærsla frumvarpsins, hvað varðar meðferð á tekjum PFS, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í Evrópulöggjöfinni í þessum efnum.

PFS bendir á að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið tekur undir sjónarmið stofnunarinnar hvað þetta varðar, en í úttektarskýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnarsýslu PFS frá nóvember 2017 kemur fram eftirfarandi afstaða þess:

„Eðlilegt er að lögbundnum gjöldum, sem aðilar á fjarskipta- og póstmarkaði greiða til starfsemi stofnunarinnar, sé varið til starfsemi hennar, enda er ríkinu beinlínis óheimilt að ráðstafa þeim með öðrum hætti samkvæmt regluverki Evrópusambandsins á sviði fjarskipta sem innlend löggjöf byggir á.

Lögum um nr. 69/2003 um PFS og lög á sviði pósts og fjarskipta eins og þau eru nú, er ætlað að tryggja að stofnunin geti sinnt nauðsynlegu eftirliti á póst- og fjarskiptamarkaði og að umfang eftirlits taki mið af stærð þessara markaða hverju sinni. Ný lög um opinber fjármál endurspeglu ekki þessi sjónarmið. Mikilvægt er að Alþingi sjái til þess að lög um opinber fjármál séu í samræmi við sérlög og tryggt verði að PFS fái notið markaðra tekna líkt og aðrar sambærilegar eftirlitsstofnanir í Evrópu.“

Vegna þessara sérstöku reglna sem gilda um markaðar tekjur, í tilviki evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana, var við lögfestingu laga um fjarskipti nr. 81/2003 og laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun sérstaklega kveðið á um það að álögð gjöld, þ.e. *rekstragjald* og *tíðni- og númeragjöld* skyldu renna *óskipt* til PFS. Ekkert hefur breyst hvað varðar þær reglur Evrópuréttarins sem gilda um fjármögnun fjarskipta- og pósteftirlits og verður ekki talið að almenn lög um opinber fjármál nr. 123/2015 hrófli við þessum sértæku reglum.

Af framangreindu má sjá að fjármögnun eftirlitsverkefna PFS var hugsuð með sama hætti og útfært var með fjármögnun eftirlits Fjármálaeftirlitsins með banka- og fjármálastarfsemi, auk þess sem sérstakar Evrópureglur gilda um hvernig standa skuli að fjármögnun eftirlits á fjarskiptamarkaði, ef hið opinbera ákveður að leggja þann kostnað á markaðsaðila. PFS fær því ekki séð af hverju sams konar ákvæði sé ekki bætt við þau lagaákvæði sem snúa að PFS eins og gert er ráð fyrir varðandi Fjármálaeftirlitið, sbr. c.-lið 38. gr. frumvarpsins.

Að öllu framangreindu virtu leggur PFS til að sama ákvæði verði bætt við 31. og 32. gr. frumvarpsins sem tekur til þeirra gjalda sem lögð eru á fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur og ætluð eru að standa undir eftirlitsverkefnum PFS, sbr. eftirfarandi:

„Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til reksturs [Póst- og fjarskiptastofnunar] sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af eftirlitsgjaldi og greiðslur fyrir sértækar aðgerðir samkvæmt lögum þessum.“

Ætla verður að til þess standi rík skynsemis- og jafnræðisrök, m.a. gagnvart gjaldskyldum aðilum, að meðferð gjalda sem fjármagna starfsemi opinberra eftirlitsstofnanna sé háttáð með sama hætti óháð einstökum mörkuðum, sérstaklega þar sem skýrlega er kveðið á um það í evrópsku fjarskiptaregluverki að haga skuli meðferð gjalda í tilviki PFS á þann veg sem gert er ráð fyrir gagnvart Fjármálaeftirlitinu.

Virðingarfyllst,


Björn Geirsson